

**32. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 11. janúar 2023, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Langeyrarvegur 15, umsókn um lóð - 2212003

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Matthias Troost dags. 6.12.2022 þar sem sótt er um lóðina við Langeyrarveg 15.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Matthias Troost fái lóðina við Langeyrarveg 15 úthlutað.

Samþykkt

2. Innleiðing hringrásakerfis - 2212008

Tekið fyrir bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 2. nóvember 2022 er varðar innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

3. Ósk um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu - 2212001

Tekin fyrir tölvupóstur frá Kjartani Árnasyni fyrir hönd Rness ehf. og Saltverks þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Sláturhúsið á lóð nr. 8 í Reykjanesi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið.

Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi þegar fullgildum teikningum hefur verið skilað inn.

Samþykkt

4. Bréf vegna stöðuleyfis Vestfiskur - 2211011

Tekin fyrir umsókn um stöðuleyfi frá Vestfisk, ódagsett þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir gám á Langeyri til geymslu á búnaði.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi fyrir gám við Langeyrarveg 13, í samræmi við umsókn.

Stöðuleyfið er veitt til 1. nóvember 2023.

Nefndin bendir á geymslu- og gámasvæði við Árdal er hugað sem framtíðarsvæði fyrir gáma. Gert er ráð fyrir að svæðið verði tilbúið í sumar.

Samþykkt

5. Bréf vegna stöðuleyfis Margfætlur ehf - 2211012

Tekin fyrir umsókn um stöðuleyfi frá Margfætlur ehf, 11. janúar 2023 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir gám við Langeyrir 13.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi fyrir gám við Langeyrarveg 13, í samræmi við umsókn.

Stöðuleyfið er veitt til 1. nóvember 2023.

Nefndin bendir á geymslu- og gámasvæði við Árdal er hugsað sem framtíðarsvæði fyrir gáma. Gert er ráð fyrir að svæðið verði tilbúið í sumar.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 18:00.

Hulda Gunnarsdóttir

Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen

Kjartan Geir Karlsson

Sigurdís Samúelsdóttir

Jóhann Birkir Helgason